## Efnisyfirlit 3. árgangs


| Efnisyfirlit 3. árgangs | Blaðsíðutal | Nöfn |
|---|---|---|
| Á víð og dreif . . . . . . . . | 94 | Guðm. Sigurðsson |
| Er lífið forlög frívilji o. s. frv. | 97 | Sigtrg. Benediktsson |
| Félagsskapur . . . . . . . . | 102 | Karl Benediktsson |
| Hvort er betra að vera ánægður eða . . | . . . . | . . . . . . . . |
| óánægður með sjálfann sig . . | 105 | Eiríkur Magnússon |
| Nokkur orð um húslestra . . | 108 | Rosalía G. Sigurðard. |
| Um nautgriparæktarfélög . . | 110 | Guðm. Jónsson |
| Haust og vor . . . . . . | 116 | A. Guðrún Guðmundsd. |
| Fyrsti sólargeislinn . . . . | 117 | Kristján Benediktsson |


Jón Einarsson



# Ásar

# Blað U. M. F. Framtíðin

4 Árgangur 1922.

Ritstj. Jón Einarsson

# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

4 árg. 1922 1 tbl.

Er lífið forlög, frívilji orsök og afleiðing eða hvað.

Svar við ofangreindri spurningu birtist í 1. tbl. 3 árg bl. „Ásar" Tekur höf: forlögin fyrst til athugunar og minnist í sambandi við þau á spilalagningar og lófalestur hvað spilalagningar snertir þá er það ofvaxið mínum skilningi að þar hafi við nokkur rök að styðjast, því þó þeirra spádómar virðist stundum rætast þá hygg eg hitt sé oftar að þeir ekki rætist. Hinsvegar álít eg lófalesturinn á meiri rökum bygðann, en í þessari grein sleppi eg öllum skýringum þar að lútandi. Þar eð eg er flestu því samdóma sem höf. segir um forlögin og álít að við höfum sömu skoðun hvað þau snertir n.f.l. þá að engin forlög séu til þá tel eg eigi þýða að ræða þann lið hér frekar og sný mér því að öðrum og þriðja lið spurningarinnar. Höf. álítur að veikindi og aldurstakmörk manna heyri undir orsaka og afleiðinga liðinn en það að menn fari á fundi, telur hann frívilja



Nú þar verður hann algjörlega tvísaga því sé það rétt, sem hann segir að það sé frívilji en ekki orsök og afleiðing að menn koma á fundi þá hlýtur það einnig að vera frívilji þegar menn koma ekki á fundi af eintómu hirðuleysi En er það þá ekki frívilji að fjöldi manna skeyta ekkert um heilsu sína gera lítið eða ekkert til að vernda hana eða styrkja og veikjast því á margann hátt og er það þá ekki líka frívilji að menn hirða ekki um að vitja læknis í veikindum sínum eða annarra og deyja því löngu fyrir tímann því allir vita að þetta hvortveggja á sér mjög oft stað, oftar þó hið fyrrnefnda Samkvæmt áðursögðu hlýtur báðum þessum spurning um að vera svarað játandi. En þá er það líka af frívilja sem þúsundir manna veikjast og deyja árlega fyrir tímann þá sem skylda ser aldur af ásettu ráði. Misskilningur höf. á þessu liggur sem sé í því að hann kallar það frívilja þegar maður afræður eitthvað, þegar tvær eða fleiri raddir í hans innra manni eiga í baráttu hver við aðra og einhver þeirra vinnur sigur. Stundum stendur þessi barátta aðeins örstutta stund svo stutta að maður verður hennar ekki var en stundum varir hún lengur oft svo klukku

tímum jafnvel dögum skiftir auðvitað þá með hvíldum á milli það sem kemur til greina í þessari baráttu, er aðallega þrent. Fyrst er upplagið og enginn ræður upplagi sínu sjálfur, hvaða lög mál eða aðri stjórn ~~sem~~ annars kann þar að hafa hönd með í bagga. En það er auðsjáð að upplagið hlýtur að ráða miklu hér um þ.e.a.s. að svo miklu leyti sem það hefir ekki orðið að lúta í lægra haldi fyrir uppeldinu og öðrum þeim áhrifum sem maðurinn hefir orðið fyrir til þessa tíma. En það er annað atriði sem hér kemur til greina, það getur engum dulist að uppeldið hlýtur að hafa mjög mikil áhrif á börn.
Stundum stefnir það í þver öfuga átt við upplag þeirra og gjörbreytir því. en stundum er það alveg eða að mestu samkvæmt því, þettað skiftir í tvö horn fyrir börnin og hefir ekki svo litla þýðingu fyrir þau. En þar fyrir utan verða börnin einatt fyrir alskonar áhrifum sem móta meir eða minna hugarfar þeirra og lyndiseinkanir án þess þau fái nokkuð við ráðið. Í þriðja lagi getur verið um ymsar þær ytri kringumstæður að ræða sem hafi áhrif á manninn í þessari baráttu og sem ómögulegt væri að ~~taka upp hér~~ telja upp hér
Um daginn var ég að lesa ritgjörð um bækur eftir Fr.H. í Baldri og rakst þá þar á greinarkorn



sem þýtt var úr bók eftir hinn fræga ameríkanska rithöfund Sweet Marden.
Af því grein þessi kemur þessu máli talsvert við þá leyfi ég mér að taka hana upp hér
Hún hljóðar svo:„ Margir munu virðast trúa því að við þeytumst hér og hvar um veröldina vegna ymiskra forlaga, en sannleikurinn er sá að vér lifum í heimi þar sem lög eru og reglur, þar sem ekkert verður af tilviljun eða án orsaka, þar sem eins hið smávægilegasta í lífi voru verður að hafa sinn grundvöll, jafn ósveigjan-leg lög og þau sem halda himinhnöttunum á braut sinni.
Hér er það skírt tekið fram að hvert einasta smá-atvik, hversu lítilfjörlegt sem það er hafi sinn grundvöll, sínar orsakir, hvorki forlög né frivelji komist þar að.
Mér virðist höf. leggja skakka meiningu í orðið frivelji." Hann segir meðal annars í grein sinni:„ Getur t.d. nokkur ykkar neitað því að það sé frivelji ykkar allra að hafa komið hingað á fundinn í dag? Ég vona að enginn hafi komið nauðugur eða með valdi leiddur. Eftir þessum orðum að dæma á litur höf. það sama að gera eitthvað af frivilja og að gera það af fúsum vilja eða óneiddur

En það álít eg ekki rétt hugsað. Eg álít að eins megi kalla það frivilja þegar maður gerir eitt-hvað sem manni er þvert um geð eins og þó það sé gert af sjálfum vilja.
Eða hvað vill ~~það~~ höf. kalla það annað en frivilja þegar einhver gerir það sem honum er á móti skapi.
Að lokum skal eg geta þess að höf. hefir mis-skilið tvö síðustu orð spurningarinnar og tekið þau sem sjerstakann lið: „Hvað er lífið?".
En það var ekki tilætlunin spyrjanda heldur var það gert í því skyni að höf. hefði sem óbundnastar hendur við að svara spurningunni, því hugsast gat að honum þætti fleira koma til greina heldur en það þrent sem spurningin ber með sér svo sem: tilviljun, hamingju o. fl. Hefði hann ef til vill ekki haft nægann kjark til að taka fram fyrir hendur spyrjanda og því orðið að sleppa því sem honum ef til vill þótti mikilvægast.

með virðingu

Björn L. Jónsson



# Ekki er alt gull sem glóir

Lengi hefir það reynst svo að margir eru glögg skygnir á galla lífsins það er að segja galla annara. Flestum þykir sinn fugl fagur. Það hefir stundum synt sig að þetta hefir verið lítils virði — orðagjálfur — því þeir sem hæðst hafa galað, hafa oft lítið, stundum ekkert reynt til að af-má gallana eða bæta úr þeim á nokkurn hátt. Enda eru þeir oft verjulitlir og mjög illa staddir þegar gríman er tekin frá.
Þessar andstæður koma víða fram bæði í ræðu og riti og stundum ekki síður hjá þeim sem ofarlega standa í menningar stiganum heldur en þeim sem brölta þar í neðstu tröppu.
Jeg ætla ekki að fara að telja upp mörg dæmi þessu til sönnunar því bæði yrði það langt mál og lítils virði nema því fylgdu talsverðar skýringar.
Ett ætla eg þó að nefna sem mér hefir þótt leiðin-legt og óviðeigandi. Jeg veit að þið kannist öll við bl. „Þrótt" blað íþróttamanna.
Þar hafa oft staðið háværar greinar um skaðsemi Tóbaks og áfengis og fleiri efni sem óþarft er upp að telja.
Þessu hefir sérstaklega verið beint

til íþróttamanna enda þarf ekki að kvarta við að „þrótt" lesi aðrir en þeir sem hafa áhuga á því máli. Út á þettað er ekkert að setja síður en svo það muni hvorki íþróttamenn eða aðrir hafa gott af þess háttar vöru
En hvað verður svo fyrst fyrir augum þegar litið er á sum hefti af „Þrótti" ekki annað en auglýsing á alskonar tóbaki vindlum sikarettum o. fl. Hvernig geðjast ykkur að þessu?
Eins er það á íþróttavellinum í höfuðstaðnum, þar sem menn koma saman til að horfa á tala um og dáðst að íþróttum; þar er tæpast hægt að hafa frið fyrir strákum sem hlaupa um og bjóða sælgæti sikarettur og vindla og vilja þeir stundum gerast nokkuð háværir
Þetta sýnist mér benda á eins og margt annað á að „ekki er alt gull sem glóir."

Hæli 31-1-1922

Kristján Benediktsson



# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

4 árg. 1922. 2 tbl.

### Gissur Þorvaldsson

Skyldan knýr að dyrum hjá mér sem öðrum félagsmönnum að skrifa nokkrar línur í „Ása" og vissra ástæða vegna ætla eg að skrifa nokkrar línur um Gissur Þorvaldsson.
Eg hefi oft orðið þess var þegar eg hefi heyrt menn tala um Sturlungaöldina að talið hefir aðallega snúist um þá Gissur Þorvaldsson og Sturla Sighvatsson enda voru það þeir sem mestann þátt áttu í óhamingju þeirri sem dundi yfir íslensku þjóðina á seinni helmingi 13. aldarinnar sem sé að landið komst undir útlendann konung
Verður mörgum á að kenna Gissuri það miklu fremur og telja hann einnig miklu verri mann en Sturlu En þar sem eg er alt annarar skoðunar hvað þettað hvorttveggja snertir langar mig til að láta í ljósi nokkur orð máli mínu til stuðnings

Gissur var fæddur snemma á 13. öld þá var hinn mikli valdar andi að vakna
Höfðingjarnir kepptust við að ná sem mestum völdum undir sig en hugsuðu minna um þó það væri ekki allt á sem drengilegastan hátt, urðu líka tíðar deilur með höfðingjum
Mjög lítið var Gissur síðan við þær framan af æfi sinni. Líktist hann föður sínum í því sem var ágætur höfðingi og gekk oft framma best fram í því að miðla málum Voru þeir feðgar heldur ekki af neinni örkvisis ætt „Haukdæla ættinni".
En ekki er rétt að dæma alltaf eingöngu eftir hinu ytra útliti: Það er oft að hinar innri hvatir sem haldið hefir verið í skefjum á unglingsárunum riðjast fram með tvöföldu afli þegar eitt hvert atvik verður til að vekja þær. Og svo varð það með Gissur eftir að Sturla kom til sögunnar
Hann var róstusamur og óbilgjarn og barst snemma inní þær ófriðaröldur sem þá gengu yfir landið. Hann lofaði konungi að ná landinu undir hann og einn þáttur af því starfi hans var Apavatnsförin sem varð til þess að vekja hinar verri hvatir hjá Gissuri en auðvitað hefur aldarandinn ráðið miklu í því sem á eftir fór



Eftir Örlygsstaðabardaga hefir vaxið að miklum mun sú löngun hans að ná sem mestum völdum undir sig og ætt sína að líkindum öllu landinu er það margt sem bendir til þess. En hann var of vitur til þess að nota sömu aðferð og Sturla
Hann þekkti aldarandann nógu vel til þess að sjá að allir eiðar voru einskis virði
Eitt það ráð sem hann tók var það að mægjast við einn og sættast við annan höfðingja, sem þó voru tryggastir þeim manni sem þá réði mestu á landinu í móti honum. En það varð skammgóður vermir, því að með Flugumýrar brennu hrundu allir hans háu loftkastalar til grunna því þá misti hann alla sína nánustu konu sína og börn
Þá kom það líka best í ljós að hann hafði ekki ætlað að ná landinu undir konung, því þó konungur setti hann Jarl yfir meiri hluta landsins starfaði hann mjög lítið að erindi hans en þó var metorðagyrndin svo mikil að þegar konungur hótaði að taka af honum jarlstignina lét hann undan svo að fyrir aðgerðir hans í og með misti landið sjálfstæði sitt
En svona hlaut það að fara og það hafa Íslendingar séð

Ofriðurinn var orðinn svo mikill innanlands
að til vandræða horfði en úr því varð ekki
bætt nema landið kæmist undir einn stjórn-
-ara, en fyrir skammsýni landsmanna var það
útlendur konungur sem hlaut þá stöðu
Mig langar til að minnast á eitt atriði úr lífi
Gissurar og það er högg það, sem hann veitti
Sturlu í lok Örlygsstaðabardaga margir áfella
hann mjög fyrir það og telja það vera eitt af
því sem ber ljósastann vott um illmensku hans
En allir þeir sem vilja líta á það með sanngirni
hljóta að leggja það ódrenviti út fyrir honum
Eins og gefur að skilja hefir Gissur fylst hatri
gegn Sturlu fyrir svik hans og ekkert getur
fullnægt hatrinu eins vel og geta hefnt með eigin
hendi. En oft vill ~~það~~ þá verða svo að tilfinn-
-ingarnar svæfa skinsemina og svo hefir það verið
með Gissur, og hann því ekki vitað hvaða
níðingsverk hann vann
Þá ætla eg með nokkrum orðum að minnast dálítið
nánar á Sturlu. Ekki veit eg hvað þeir sem hældu
mest með honum finna honum til ágætis fram
yfir Gissur. Þrent er það aðallega sem mér finst
benda á að hann hafi ekki verið vitur eða vel



vaxinn því starfi sem hann tókst á hendur.
Fyrst er það að hann skildi takast það á hendur
að ná landinu undir útlendan konung
Hann hefir als ekki vitað hvaða verk hann tókst
á hendur. Hann hefir aðeins hugsað um völd þau
sem hann ætti í vændum ef hann sigraði
því valdafyknin hefir keyrt fram úr öllu hófi.
En verra verk en selja sjálfstæði föðurlands síns
get eg ekki hugsað mér.
Annað að hann skildi sleppa Gissuri lausum
eftir að hafa handtekið hann við Apavatn.
Hann gat varla gert ráð fyrir að Gissur héldi
betur nauðungareiða en hann sjálfur hafði
haldið drengskaparloforð sín. Hitt má alveg
eins ætla að ofstopi hans hafi verið orðinn svo
mikill að hann hafi haldið að Gissur þyrði
ekki að ráða á sig. En það skjátlaðist honum
illilega
Þriðja er viðbúnaður hans fyrir Örlygsstaðabardaga
það er eftirtektavert hvað Íslendingar voru yfirleitt
óvarkárir um sig þó þeir mættu eiga von á ófriði
enda fengu þeir oft að kenna á þeim trassaskap
sínum. Og svo var það með Sturlu.
Hann sendi frá sér menn til að njósna um Gissur

og fleiri óvini sína, en engir þeirra komu aftur og var það í meira lagi grunsamlegt.
En þrátt fyrir það var hann svo óviðbúinn ef til bardaga kæmi að hann hafði t.d. alla skildi bundna í klyfjar svo að varla nokkur maður úr liði hans náði í skjöld, og annar viðbúnaður hefir sjálfsagt farið eftir því. En óvíst er hvernig leikslok hefðu orðið ef viðbúnaður hefði verið í lagi.
Eins og eg gat um framarlega í grein þessari álít eg að þeir, Gissur og Sturla hafi átt mestan þátt í því að Ísland misti sjálfstæði sitt.
En þó var ólík stefna þeirra upphaflega
Annar þeirra var hinn fyrsti íslenski maður sem ætlaði að selja sjálfstæði föðurlands síns fyrir auð og metorð. En hinn hafði í hyggju að ná landinu undir sjálfann sig og ætt sína en sem fyrir skammsýni Íslendinga tókst ekki. En það hefði ef til vill orðið til þess að Íslendingar hefðu ekki þurft að þola þá hörmung og neyð sem síðast liðnar aldir fálu í skauti sér og þar af leiðandi verið komnir lengra á mentunar og framfarabraut en þeir nú eru

Jóhann Fr. Jónsson



# Láttu ekki vanann villa þig

Forsögn þessarar greinar kemur mér oft í hug en eg finn líka um leið vanmátt minn til að skrifa um þetta efni
Það vitum við öll að það er við ramman reip að draga þar sem vaninn er og því er ver að hann villir mann oft
Margur hefur það til orðs: „Eg get ekki verið að breyta til eg er vanur að hafa það svona“
Og þá getur líka um leið vaninn kipt allri fram-fara við leitni fastri:
Háskasemi vanans er í mörgum greinum. En Stundum getur hann þó verið meinlaus stundum hlægilegur og svo líka skaðlegur og í stöku atriðum getur hann verið gagnlegur og sá liður heyrir undir máltækið „Vaninn gefur listina“
Til skams tíma hefir það verið álitin goðgá að breyta út af vananum í mörgum atriðum.
og hefir því æskumanninum oft átt erfitt uppdráttar og mörg æskuhugsjón hefir því orðið að engu vegna áhrifa vanans
Viðmegum því aldrei láta vanann hafa svo mikið vald yfir okkur að við getum beðið nokkurt tjón af því

Lífið heimtar framsókn en vanin kyrstöðu.
Látum því ekki vanan villa ~~þig~~ okkur
Bið eg ykkur svo að taka þessar sundurlausu
hugsanir mínar sem viljan fyrir verkið

Elinborg Guðmundsdóttir.



# Ásar

# Blað U. M. Framtíðin

4 árg. 1922 3.T.H.

## Framkoma

Eitt af því sem sýnir gleggst á hvaða menningarstigi þjóðirnar standa; er framkoma einstaklinganna. Góð og látlaus framkoma er mikil háttprýði hjá hverjum einstaklingi í þjóðfélaginu. Það hafa allir þroskaðir og heilvita menn veitt því eftirtekt að hjá hverjum einstaklingi er framkoman mjög mismunandi – Sumir reiðast og rjúka upp með vonsku við hvaða lítilræði sem út af ber. Aðrir eru stiltir og hafa vald á geði sínu. Það er ekki svo lítilsvirði fyrir hvern og einn að læra að hafa gott vald á geði sínu. „Og sá er meiri sem stjórnar geði sínu en sá sem vinnur borgir." Fyrsta atriðið til góðrar framkomu er að mínum dómi að maðurinn hafi það til að bera í upplaginu því náttúran er náminu ríkari.
En ofin er stundum löng og þótt upplagið sé gott, þá kemur þar fleira til greina – Þá verður það næst viðbúð barnanna. Foreldrarnir hafa þar mest að segja

og um það ætla jeg ekki að fara mörgum orðum
hér því þar má vitna til uppeldisfræðibóka.—
Samt sem áður get ég ekki stilt mig um að
nefna eina dæmisögu sem mér finst gott
vitni upp á að það bítur ungbarnið eða ungviðið
er ekki þar á hina þroskuðu
Það var einu sinni 7. ára gamall drengur að
byggja steinhús, þá kom til hans maður. Þegar
maðurinn hafði horft á drenginn um stund
sagði hann. „Það verður aldrei maður úr þér.“ Þessi
fáu orð festu svo djúpar rætur í hjarta drengsins
að þau hljómuðu fyrir eyrum hans, þegar hann var
kominn á gamals aldur. Þannig töluð orð ætti
ekki að mæla við ungviðin, því þau eru viðkvæm
og vafalaust viðkvæmari en margur hyggur
Jeg gæti hugsað að þessi 7. ára gamli drengur
hefði fengið við orð mansins þá sterku ímindun sem
honum var ekki unt að útrýma úr sínu unga og
viðkvæma hjarta að hann gæti ekki orðið nýtur maður
það væri blátt áfram ekki til neins að reyna það.
Mín skoðun er þess vegna sú ef maðurinn hefði
t. d. sagt við þennan 7. ára gamla dreng —
þetta hús er ágætt eftir vonum. Þú munt
byggja þér gott hús þegar þú eldist.



Þessi orð hefðu örfað drenginn til hins betra
hann hefði fengið betra traust á sjálfum sér
þegar hann sá að aðrir höfðu það,
Mér virðist að foreldrar ættu að varast að
áminna börn sín í ókunnra áheyrn vegna
þess að það hefir verri áhrif á börnin.
Jeg ætla nú að færa mig ofar og hugsa mér barnið
eða börnin komin á fræðslu aldur.
Það er sagt að „heimskt sé heima alið barn“
Það geta orðið skiftar skoðanir um það eins og
margt fleira. En mikið fer það eftir því hvaða
atbúð barnið fær eftir það fer úr foreldrahúsum
sem oftast nær er í því skini að afla sér mentunar
Þá kemur til greina hvernig kennarinn er starfinu
vaxinn hann getur ótrúlega mikið innrætt barninu
prúðmensku og góða framkomu.
Góðir kennarar eru þess vegna ómetanlegir leið-
togar fyrir þjóðina því einstaklingarnir mynda
þjóðfélagsheildina og eftir því sem þeir eru fleiri
háttprúðir menn, þá verður þjóðin í heild sinni
miklu meiri og betri þjóð en ella
Kennarar hafa þess vegna næstum því eins mikið
vandastarf á hendi að ala barnið vel upp eins
og foreldrarnir

Því takmarkið er að barnið geti orðið gott og nýtt mannsefni
Þá ætla eg enn þá að þoka mér uppá við, það verður einskonar millilidur, frá fermingu til tvítugs. Þetta æfiskeið álít jeg að maðurinn eigi að nota til að afla sér ef eg mætti svo að orði ~~kveða~~ komast næringarforða bæði efnalega og andlega. Mörgum gengur mismunandi að ná í þennan næringarforða. Hvað mikill þessi næringarforði verður álít eg fari mikið eftir fyrra æfiskeiði mannsins
Það hefir verið heilsufræðislega sannað að þeir menn sem komnir eru á tvítugsaldur og ekki farnir að neyta tóbaks, hafa aldrei vilt inn á þá braut að nota það. Þetta verðist mér benda á að unglingarnir séu narraðir í æsku til þessað nota tóbak sem allir heilvita menn vita að er skaðlegt bæði fyrir líkama og sál eftir því sem það er sóðalegt
Jeg trúi þessu líka vel því mér hefir verið sagt af gömlum sannorðum mönnum að þeir hafi verið narraðir á æskuskeiði til að nota tóbak
Talin trú um að það væri tilvinnandi að skrúfa sig til að læra á það því seinna kæmi öll



á eftir, einnig væri það upphefð og ýki svo mikið manngildi mannsins að kunna að nota tóbak— það sama má segja um vínið.
Mín skoðun er þessvegna sú að unglingarnir þurfi ekki síst að umgangast fólk sem kann alla háttprýði. Með öðrum orðum fólk sem getur verið til fyrirmyndar í alla staði—
Þá kem eg að því stigi sem maðurinn getur ekki lengur kallast barn
Nú er hann búinn að lifa það æfiskeið sem foreldrarnir og barnakennararnir og hann sjálfur að nokkru leyti hefir getað látið í té
Tímarnir breytast og mennirnir með nú er einnig svo komið að enginn þykist maður með mönnum sem ekki hefir gengið á hina svo nefndu almennuskóla eða æðri skóla.
Á þeim skólum getur maðurinn tekið miklum breytingum og þær eiga allar að miða til hins betra. Til þessað hann geti orðið betri, nýtari og háttprúðari maður í þjóðfjelaginu.
Stjórnendur þannig skóla hafa þessvegna mikinn vanda á hendi og þurfa nauðsynlega að vera starfinu vaxnir ef vel á að fara
þ. e. a. s. ef nemendur eiga að ~~geta~~ ná þeim

menningar þroska sem nauðsinlegt er.
Þá mætti einnig minnast á það og mín skoð-
un er sú að það verði oflítt prúðmenskulegri
framkoma í þeim skólum, þar sem eru bæði
kyn. Það er nokkuð minnkun ein en eg
gæti ímindað mér að menn hefðu þá sóma til þeim-
-ingu að vanda framkomu sína meira í þann-
-ig skólum. Ef menn vanda framkomu
sína þannig daglega þá kemst hún uppí
vana og verður manninum eiginleg.
Það eru einnig til menn sem eru í fyrsta
andlega úti lokaðir í lífinu. En svo lærir lengi
sem lifir og þannig er með flesta sem hvorki
vanta þrek eða vilja að komast áfram í
lífinu. Þeir geta alt lífið út í gegn verið að
læra og bæta við sig svo eða svo miklu af því
sem göfugan mann getur prýtt
Eg hefi farið nokkrum orðum um háttprýði og
reynt að sýna fram á, hvað til þess ~~þarf~~
útheimtist að vera hjúpur og viðmóts þýður.
Þetta eru aðeins örfá atriði því sá brunnur
mun seint verða þrausinn og því meir sem
menn geta geta neytt af því lífsinsvatni.
því sannari menn eru þeir og því meiri



líkindi eru til að þeir geti orðið brautryðjendur
þjóð félagsins.

# Páll Kristjánsson.

## Þrá

Í hvert mans brjóst býr þrá en
þráin er með fleiru en einu móti t.d. útþrá,
heimþrá og innþrá. Útþráin er oft í æsku-
-manninum hann lætur hugann fljúga um lönd
og lög og skapar sér hinar fegurstu draum-
-myndir dýrðlegar af því sem hann alti í
vændum ef hann kæmist nógu langt út
í heiminn draumamyndir sem stundum
ná uppfyllingu en oftast bregðast
Heim þráin kemur þá til sögunnar þegar
flugið hægist og vængirnir slitna þá óska
flestir sér heim í gamla hreiðrið til að fá
hvíld frá ölu og að innþráin komi til sögunnar
að þrá hvíld og frið í sálunni eftir alla æsinguna
og umbrot æskunnar en hana er ekki hægt
að fá nema að hafa góða samvisku

og engir tjötir bletti kvili á samviskunni
Því er það áríðandi fyrir æskumanninn
að láta ekki þrána leiða sig of langt
að hafa hugan jafnan við hið góða
og göfuga sem þaðst hefir í manssálinni

Sesfríð Guðmundsdóttir



# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin.

4 árg. 1922. 4. t. bl.

### M-o-l-a-r

Um. U. M. F. o. fl.

Það er langt síðan jeg hef sjeðst á blað-síðum þínum „Ásar" minir. Og verður líklega hvorki margt eða merkilegt sem eg segi nú heldur en vanter
En þó eg hafi ekki þreytt lesendur blaðsins þekkist þó sjálfsagt min rödd innan þessa félags. Og ekki ólíklegt að einhverjum þykki nóg um siðferðisprelikanirnar en það er nú oft svo þegar menn eru orðnir vel fullorðnir búnir að ná því sem nær þeim andlega þroska sem þeim er ællað, þá fara hugsjónir þeirra að verða ákveðnari; stefnu meiri í vissa átt hvert heldur þær eru líkam-legar eða andlegar.
Þessa verðum vit enda oft varir hjá skáldunum okkar. Og ég segi annað tveggja tala og rita um það sem þú hefir áhuga á eða þegiðu ella

þrátt. Fyrir það hvert því færð nokkra áheyrn eða ekki: Sá er ómenni sem bregst sínum hugsjónum.
Þá eru það Ungmennafélögin sem seg ætlaði lítillega að minnast á. Sá félagsskapur á sem margt annat erfitt uppdráttar nú. Það lítur út fyrir, að þessi verðsveiflur ætli að hafa slæmar afleiðingar á flestum sviðum.
Fyrst ætlaði gróðafíknin að drepa allar betri hugsjónir. Svo kemur örbyrgðin með sínum örðugleikum. Svo allar ~~allar~~ andlegar hugsjónir kafna í efnis kendu erfitleikunum.
Nú á þessum síðustu og verstu tímum eins og þar stendur virðist það með fleiri að eldri mennirnir gefi sér ekki tíma, eða vilja ekki starfa með þeim yngri eiga stórann þátt í afturför félagsskaparins. En þetta að þeir eldri vilja ekki starfa með er ~~[illegible]~~ einungis af því að þeir eru orðnir gamlir fyrir tíman. Þeir eygja ekki fegurstu æskuhugsjónirnar. Finnast þær jafnvel hégómlegar, hjá öðru sem þeim sýnist stærra. En ég vil spyrja: hvað er háleitara verk að vinna, en vinna saman að því að



göfga og stefna á rétta braut hugsjónum æskumannsins. Hvað getur verið fjær því að geta talist hjegómlegt?
Nei þetta er bara misskilið af þeim eldri þeir hlaupa yfir aðalmerg málsins.
Og þetta hégómlega búa þeir sér til út af öfugsnúnum hugsunum. Því hver neitar því. Því göfugri æskulíður, því samviskusamari þjóð: Eftir æskumanninum verður þroskaði maðurinn Hólpið væri það þjóð félag sem aðeins ætti göfugan og siðprúðan æskulýð. Já jafnvel hve skuldugt sem það væri og hverja aðra þrengingu mundi það geta yfirstigið. Það mundi aldrei eiga neina slæpinga sem eiddu tíma og fjármunum bæði fyrir sér og öðrum
Það mundi aldrei eiga neina lögbrjóta eða óreglumenn sem spiltu vísvitandi heilsu sinni og stundum með bræðra sinna
Nei allir mundu vinna að því eina að þroska sig í því að geta sem best unnið að heill sinni og sinna meðbræðra og sinnar þjóðar.
Þetta finst mér þeir eldri ættu að athuga áður en þeir snúa baki við ungmennafélagsskapnum
Og ég held það sé gott fyrir báða að starfa

saman æskan helder hinum eldri ungum
og stundum geta þeir eldri leiðbeint æskum
Nei látum okkur ekki feimast það hégóm-
-legt að koma á fund með æskumönnum
það væri vel ef allir starfsmenn þjóðarinn-
ynnu af jafn mikilli samvinnusemi störf
sín og óspilt æska gerir ætíð.
En gallinn er að þessar hreinu og áhuga-
-sömu æskusálir mengast oft fyr eða
síðar af grugginu sem í kringum þá er.
En það á að vera fyrsta og er efst á stefnu
skrá U.M.F. að sporna af alefli við því

Meira „seinna"

Sigurgeir Björnsson

## Nokkur orð

Þar sem ákveðið var á síðasta fundi að ég skyldi
koma með grein í blaðið en eg sje mér ekki
fært að verða ✗ við þeirri til mælum þrátt fyrir
það þó mér finnist sjálfsagt að hver maður
eigi að gera skyldu sína en ekki síst þeir
leiðandi menn sem eru í þessum félagsskap því mér
finst að hvíli mikil ábyrgð á þeim að beina



huga og starfi unglinganna á rétta leið en ég
sem er óuppalýstur unglingur og ókunnugur
öllum þessum felagsskap treysti mér ekki til
neins án leiðbeininga. Vildi jeg því leggja
þá spurningu fyrir fundinn hvert markmið
þessa félagsskapar er einkanlega vonast eg eftir
að formaður félagsins gefi mér leiðbeinandi
svar. Mér hefir dottið í hug að ungmenna
félagið hefði fyrir einkunnarorð

Gjörðu skyldu þína

Jónas Vermundsson

## Tilfinningar og trygð dýranna

Það eru til margar sögur um trygð og
vit dýranna og margar átakanlegar um móður-
ást þeirra, þar sem þau hika ekki við að stofna
lífi sínu í hættu til að bjarga afkvæmi sínu
Það var tildæmis í Kaliforníu að atburður sá ~~gerð~~
gerðist er nú skal greina. „Dádýr og kálfur
þess stóðu við fljót og drukku. Þá bar þar að
tvo menn ríðandi dýrin urðu hrædd og lögðu á
flótta, en kálfurinn misti fótanna og rann út í
fljótið Straumurinn hreif hann þegar með sér

því fljótið var straumhart mjög. En ekki hugsaði vesalings móðirin um að forða sér, heldur hélt hún flóttanum, hljóp með fram fljótinu ~~með fram~~ lengra en kálfurinn hafði borist með straumnum og hljóp út á stein sem stóð upp úr vatninu. Skömmu síðar barst kálfurinn að klettadranganum og þá heppnaðist móðurinni að bjarga honum á þurt land. Vesalingurinn var þá svo máttfarinn að hann gat ekki staðið. Reiðmennirnir voru þar skamt frá en móðirin hugsaði ekki um það heldur stóð hún yfir kálfinum sleikti hann og lét svo blítt að honum sem hún kunni. Mennirnir höfðu ætlað að skjóta dýrin en nú kom þeim það ekki til hugar því þeir voru hrærðir í huga af sjón þessari og móðurást dýrsins. Skömmu síðar ~~sau~~ sáu þeir sér til mikillar gleði að kálfurinn var orðinn svo hress að hann gat fylgt móður sinni til skógar. Saga þessi sýnir greinilega tryggð og vit dýranna. Það er margur maðurinn sem ~~sem~~ kvelur og pínir skepnur sínar en hefir ekki hugmynd um hvað þær líða fyrir hann eða vantar þá allar góðar tilfinningar til að fara vel með þær. Því maður veit ekki ~~hvað~~ hvað þær taka út því þær hafa engin orð né tár til að láta þrautir sínar í ljósi



Marg oft hefir hundurinn sínt vit og snarræði þegar maðurinn hefir verið úti í blind hríð og ekkert vitað hvert hann fór en þá hefir hundurinn bjargað ~~honum~~ og sýnt að hann væri verður þess að tekið væri eftir honum. Eins er með hestinn þennan góða vin okkar sem vinnur verk sitt með tryggð og þolinmæði hann er barinn eins og harður fiskur hvað lítið sem út af ber en það getur verið að það þurfi að sýna þeim hart til að temja þau en þó held ég að það sé hægt með góðu minsta kosti. Sína dýrin ungum sínum hart þegar þarf. Það var til dæmis að birna var á ferð og þurfti yfir á að fara lét hún þá eldri húninn flytja þann yngri með sér en varð þess vör að barnfóstran hafði skilið systkini sitt eftir hinu megin á bakkanum. Hún gaf honum duglega utanundir svo að litla greyið þorði ekki annað en fara af stað aftur og komst með húninn út í miðja ána og slepti honum þar. Aftur fékk barnfóstran refsingu og þá flutti hún systkyni sitt alveg yfir. En dýrin hugsa líka vel um sig eins og þessi saga sýnir. Í bæ einum var daglega 20 fátæklingum gefinn ~~matur~~ miðdagsmatur, komu þeir saman á einum stað og var þar borðstofa og eldhús þil á milli.
Hundur nokkur var þar jafnan viðstaddur

til þess að ná sér í bein. Hann tók eftir því að gestirnir fengu mat sem í gegnum gat sem var á vegnum. Tóku þeir í klukkustreng sem hékk þar niður og var þá diskur látinn inn um gatið á borð sem stóð þar hjá. Þegar enginn var í stofunni tók seppi í strenginn og var diskur þá auðvitað látinn á borðið og át seppi af honum með góðri lyst. Þetta gerði hann nokkra daga samfleitt en þá komst upp um hann.
Mörg dýr gera manninum skömm. hvað tryggð og góðar tilfinningar snertir og það væri óskandi að sem flestir vildu veita dýrunum þeim sem daglega eru með manni eftirtekt og kynnast sem best lundar einkennum þeirra.

Vigfús Filipusson




| Efnisyfirlit 4. árg | Blaðsíðutal | Nöfn |
|---|---|---|
| Erfiðið forlög, frívilji o.s.frv. | 122. | Björn L. Jónsson |
| Ekki er allt gull sem glóir . . | 127. | Kristján Benediktsson |
| Gissur Þorvaldsson . . . . | 129. | Jóhann. Fr. Jónsson |
| Láttu ekki vanann villa þig | 135. | Elinborg Guðmundsdóttir |
| Fram koma . . . . . . . . | 137. | Páll. Kristjánsson |
| Þrá . . . . . . . . . . | 143. | Teitny. Guðmundsdóttir |
| Molar um U.M.F. ofl. . . . . | 145. | Sigurgeir Björnsson |
| Nokkur orð . . . . . . | 148. | Jónas Vermundsson |
| Tilfinningar og tryggð dýranna | 149. | Vigfús Filipusson |


Jón Einarsson.